

AUGLÝSING

90

15. júlí

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur eru bifreiðastöður bannaðar á eftirgreindum stöðum:

1. *Vonarstræti*, frá Tjarnargötu að Suðurgötu.
2. *Suðurgötu*, frá Vonarstræti að Túngötu.
3. *Tryggvagötu*, sunnan megin götunnar frá Kalkofnsvegi að Pósthússtræti.
4. *Vesturgötu*, sunnan megin götunnar frá Aðalstræti að Grófinni.
5. *Naustunum*, austan megin götunnar frá Hafnarstræti að Tryggvagötu.
6. *Á akbrautum hringtorga* í bænum.
7. *Lækjargötu*, við eyjarnar, sem skipta götunni í tvær akbrautir.

Bifreiðastöður eru takmarkaðar við 15 mínútur kl. 9—19 alla virka daga á eftirgreindum stöðum:

Lækjargötu, vestanmegin götunnar frá Vonarstræti að Austurstræti.
Tryggvagötu, sunnan megin götunnar að Ægisgötu.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. júlí 1955.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

91

20. júní

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélags	kr. 200.00
2.	— — um skrásetningu firma	— 60.00
3.	— — um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 60.00
4.	— — um breytingu á hlutafélögum og firmum (breyt. á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 60.00
5.	— — um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum ...	— 15.00
6.	— uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 150.00
7.	— fjármark	— 20.00
8.	— auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross ...	— 5.00
9.	— innköllun, þrjár birtingar	— 150.00
10.	— auglýsingu um skiptafund	— 60.00

Gjaldskytt efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 7 krónum fyrir hvern dálksentimetra.

91 Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. júlí 1955. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing 20. júní frá 11. marz 1946, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Í dómsmálaráðuneytinu, 20. júní 1955.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

92 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Þjóðhildarsjóð, útgefin á venjulegan 22. júní hátt af dómsmálaráðherra ad mandatum 22. júní 1955.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Þjóðhildarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Þjóðhildarsjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er eftirlátnar eignir Þjóðhildar Þorvaldsdóttur frá Leikskálum, er andaðist 5. júní 1953, en eignum dánarbúsins var öllum komið í peninga og eru við árslok 1954 kr. 11858.12, sem ávaxtast í Sparisjóði Dalasýslu.

3. gr.

Samkvæmt arfleiðsluskrá Þjóðhildar heitinnar verður stjórn sjóðsins þessi: sýslumaðurinn í Dalasýslu, prófasturinn í Dalaprófastsdæmi og héraðslæknirinn í Búðardalshéraði. Sýslumaðurinn er formaður sjóðstjórnar og féhirðir sjóðsins.

4. gr.

Hálfum vöxtum sjóðsins, þar til hann er orðinn kr. 15000.00, og síðan níu tíundu vaxtanna, má verja til styrktar fátækum sjúklingum í Dalasýslu, þeirra, er þurfa að leita sér lækninga á spítulum eða sérlækningastofnunum. Sjúklingar úr Suðurdölum, Hörðudal, Miðdölum og Haukadal, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir um styrki þessa og þeir einir hljóta þá, sem ekki eru á sveitarframfæri. Áður en sjóðstjórnin úthlutar styrkjunum, skal hún gefa sóknarpresti Suðurdalapinga kost á að leggja fram til-lögur um skiptingu styrkjanna.

5. gr.

Sjóðurinn ávaxtast í Sparisjóði Dalasýslu og skulu ársreikningar hans sendir eftirlitsmönnum opinberra sjóða.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.